

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 3. september 2026

## Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um áform um lagasetningu- breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar áform um lagasetningu- breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010, mál s-130/2026 birt í samráðsgátt 13.7.2026

Samtökin fagna því að hafin sé endurskoðun skipulagslaga með það að markmiði að einfalda regluverk, stytta málsmeðferð og auka skilvirkni og fyrirsjáanleika skipulagsferla. Samtökin telja að skilvirkt skipulagskerfi sé ein mikilvægasta forsenda þess að hraða uppbyggingu húsnæðis, atvinnuhúsnæðis og innviða og þar með styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Í áformunum kemur fram að breytingunum sé ætlað að stuðla að skilvirkari, gagnsærri og fyrirsjáanlegri meðferð skipulagsmála, stytta málsmeðferðartíma, bæta samræmingu ferla og auka nýtingu stafrænna lausna. SI tekur heilshugar undir þau markmið og telur mikilvægt að þau verði útfærð með þeim hætti að raunverulegur árangur náist í framkvæmd.

### **Skilvirkari skipulagsferlar og fyrirsjáanleiki**

SI leggur áherslu á að einföldun skipulagsferla snúist ekki eingöngu um að stytta lögbundna fresti heldur einnig um að skapa aukinn fyrirsjáanleika fyrir sveitarfélög, almenning, framkvæmdaraðila og atvinnulíf. Langir og ófyrirsjáanlegir skipulagsferlar geta tafið mikilvægar fjárfestingar, aukið kostnað og dregið úr getu fyrirtækja til að ráðast í uppbyggingu.

### **Einfaldari stjórnsýsla og aukin stafvæðing**

SI styður þau áform að einfalda málsmeðferð skipulagsáætlana, endurskoða umsagnarferli og draga úr tvíverknaði í stjórnsýslunni. Samtökin telja sérstaklega jákvætt að endurskoða fyrirkomulag birtinga og færa upplýsingagjöf í ríkari mæli yfir í Skipulagsgátt. Samtökin hvetja til þess að stafvæðing skipulagsferla verði höfð að leiðarljósi við áframhaldandi vinnu.

Markmiðið ætti að vera að allar helstu upplýsingar um stöðu mála, fresti og afgreiðslu séu aðgengilegar á einum stað. Slík þróun myndi bæta þjónustu, auka gagnsæi og draga úr stjórnsýslukostnaði.

SI styður jafnframt áform um að skýra verkaskiptingu milli Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar og sveitarfélaga. Mikilvægt er að ábyrgð einstakra stjórnvalda sé skýr og að komið verði í veg fyrir óþarfa tvíverknað sem getur tafið framgang mála.



### **Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins**

SI tekur undir að nauðsynlegt sé að endurskoða málsmeðferð vegna svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Mikilvægt er að fyrir hendi sé skýr og skilvirk leið til að leysa úr ágreiningi þegar hann kemur upp, þannig að mikilvægar skipulagsákvæðanir tefjist ekki um óhæfilegan tíma.

Samtökin leggja jafnframt áherslu á að nýtt fyrirkomulag tryggi áfram virkt samráð milli sveitarfélaga og virði sjálfstæði þeirra, en stuðli um leið að því að niðurstaða fáið innan eðlilegs tíma þegar sameiginlegra hagsmuna er að gæta.

### **Skipulagsfulltrúar og aðrir sem sinna skipulagsgerð**

SI benda á þá takmörkun sem núverandi 7. gr. skipulagslaga getur haft í för með sér. Núverandi ákvæði byggir að mestu á því hvaða háskólanámi einstaklingur hefur lokið fremur en heildstæðu mati á menntun, sérhæfingu og starfsreynslu. SI bendir á þann möguleika að heimilt verði að meta umsóknir annarra háskólamenntaðra sérfræðinga sem geta sýnt fram á sambærilega menntun, sérhæfingu og starfsreynslu á sviði skipulagsmála.

Slík breyting myndi ekki draga úr fagkröfum heldur færa áhersluna frá starfsheiti yfir á raunverulega faglega hæfni, sem betur samræmist markmiðum laganna. Með endurskoðun á þessum hluta laganna mætti efla fagmennsku í skipulagsgerð, auka jafnræði milli sérfræðinga og tryggja hæfni einstaklinga.

### **Áframhaldandi endurskoðun skipulagslaga**

Í áformunum kemur fram að um sé að ræða fyrsta skref í heildarendurskoðun skipulagslöggjafarinnar. SI fagnar þeirri nálgun og telur mikilvægt að áframhaldandi vinna fari fram í nánú samráði við sveitarfélög, atvinnulíf og aðra hagaðila.

### **Lokaorð**

Samtök iðnaðarins styðja þau markmið sem sett eru fram í áformunum og telja að breytingarnar geti orðið mikilvægt skref í átt að skilvirkara skipulagskerfi. Samtökin leggja áherslu á að við útfærslu frumvarpsins verði lögð sérstök áhersla á að breytingarnar skili mælanlegum árangri í formi styttri málsmeðferðar, einfaldari stjórnsýslu og aukins fyrirsjáanleika fyrir alla þá sem koma að uppbyggingu samfélagsins.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka iðnaðarins

Íris Gunnarsdóttir  
Viðskiptastjóri á mannvirkjasviði